



FÉL3C05-Mannfræði

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Magnús Einarsson

Netfang/netföng:

magnus.einarsson@borgo.is

Lýsing:

Fjallað er um tvískiptingu mannfræðinnar í félagsmannfræði og líkamsmannfræði. Þróunarsaga mannættarinnar er rakin nokkuð ítarlega, og áhersla er lögð á að nemendur kynni sér þróunarhugtakið á gagnrýninn hátt í tengslum við líffræðilega og menningarlega þróun. Menningarhugtakinu er gerð ítarleg skil í tengslum við vettvangsathuganir og vettvangsskrif mannfræðinga. Nemendur kynnast því hvaða aðferðum og sjónarhornum mannfræðingar hafa beitt við gerð vettvangsathugana og þjóðlýsinga (etnógrafíu). Einnig eru rædd þau vandamál sem fylgja því að framkvæma vettvangsathugun og ritun „etnógrafíu“ og hvernig það tengist hugmyndum um framandleika og kunnugleika. Nemendur eru hvattir til að skoða menningarlegan margbreytileika mannlífsins nær og fjær. Þá kynnast nemendur klassískum viðfangsefnum mannfræði á borð við trú, goðsögur og innvígsluathafnir (ritúal); hjúskaparsíði og skyldleikatengsl; gjafskipti og hagræn tengsl. Auk þess kynnast nemendur því hvernig mannfræðingar skoða ferðabjónustu og ferðalög í nútímanum, og ímyndir og sjálfsmyndir þjóða og þjóðarbrotá (innflytjenda).

Þekking, leikni, hæfni:

- Að nemandi átti sig á fjölbreytileika menningarheima.
- Að nemandi þekki til sögu mannfræðinnar.
- Að nemandi þekki helstu sjónarhorn og kenningar mannfræðinnar.
- Að nemandi kunni skil á etnógrafíu sem aðferð í mannfræði.
- Að nemandi kunni skil á helstu viðfangsefnum mannfræðinnar.
- Að nemandi geti sjálfur beitt etnógrafískri athugun á afmarkað viðfangsefni.
- Að nemandi geti tekið gagnrýna afstöðu til kynþáttahugtaksins og þróunarhugtaksins.

Námsmat:

1. Heimildamyndir 16% (4x4%)
2. Verkefni um ákveðin viðfangsefni 24% (3x8%)
3. Þemaverkefni 24% (2x12%)
4. Verkefnabók 24% (6x4%)
5. Hlutapróf 12%

Námsgögn:

FÉL3C05. Heimur mannfræðinnar. Leshefti. Háskólaprent.

<https://www.haskolaprent.is/products/mannfraedi-leshefti-fel-3c05>

FÉL3C05. Heimur mannfræðinnar. Verkefnahefti. Háskólaprent.

<https://www.haskolaprent.is/products/mannfraedi-verkefnahefti-fel-3c05>

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku. Undir heimanám fellur að lesa reglulega í lesheftinu fyrir hverja kennslustund.

Mikil áhersla er á verkefnavinnu í kennslustundum og á þetta við um vinnu í verkefnaheftinu.

Mikilvægt er að mæta bæði með leshefti og verkefnahefti í kennslustundir.

Símanotkun og tölvunotkun í kennslustundum er almennt ekki leyfileg nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga. Hvað er mannfræði? Helstu þættir í sögu mannfræðinnar.	
2	26.-30. ágúst	Hugmyndin um þróun. Þróunarsaga mannsins.	
3	2.-6. sept.	Þróunarsaga mannsins.	Skil 1
4	9.-13.sept.	Vettvangurinn og helstu kenningar í mannfræði.	
5	16.-20.sept	Etnógrafía; Vettvangsathugun og vettvangsritun.	<i>Vörðuvika I</i>
6	23.-27. sept.	Hagræn mannfræði. Gjafir og gjafskipti.	Skil 2
7	30.sept.- 4. okt.	Pólitísk mannfræði. Chagga-fólkið.	Skil 3 Hlutapróf
8	7.-11. okt.	Þemaverkefni 1 um ákveðið viðfangsefni – Verkefnavinna.	
9	14.-18. okt.	Þemaverkefni 1 - Kynning á verkefni.	
10	21.-23. okt.	Trú og tákni. Goðsögur og ritúal. Baktaman-fólkið.	<i>Hausthlé</i>
11	29. okt.-1. nóv.	Trú og tákni. Þjóðsögur.	Skil 4
12	4.-8. nóv.	Kyn, kynimyndir og fjölskyldan. Fur-fólkið.	Skil 5 <i>Vörðuvika II.</i>
13	11.-15. nóv.	Ferðamennska, ferðaþjónusta og þjóðarímyndir.	
14	18.-22. nóv.	Ferðamennska, ferðaþjónusta og þjóðarímyndir.	Skil 6
15	25.-29. nóv	Þemaverkefni 2 um ákveðið viðfangsefni - Verkefnavinna	
16	2.-6. des.	Þemaverkefni 2 – Kynning á verkefni.	
17	9.-12. des	Samantekt.	<i>Síðasti kennsludagur</i>

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um farsælan árangur,

Magnús